

Jafnréttisstefna leikskólans Lautar



Í Laut starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks og nemenda. Til að tryggja að komið verði til móts við ólíkar þarfir þessa stóra hóps og að allir njóti sanngirni og réttlætis lítur nú dagsins ljós jafnréttisáætlun Lautar.

Lög, reglugerðir og yfirlýsingar um jafnréttismál

Í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar er kveðið á um jafnan rétt allra fyrir lögum og að allir skuli njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Sérstaklega er kveðið á um jafnan rétt kvenna og karla. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna kveður við sama tón en þar segir m.a.

„Hver maður er borinn frjálss og jafn öðrum að virðingu og réttindum.... Hver maður skal eiga kröfu á réttindum þeim og því frjálssræði, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórn-málaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna”.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna segir: „Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði”. Í lögum um leikskóla, 2. grein segir: „Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar“.

Aðalnámskrá

Í Aðalnámskrá leikskóla segir m.a. „*Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni.*“

„*Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.* „

„*Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi, jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum, séu þessi ákvæði jafnréttislaga höfð að leiðarljósi. Jafnframt er mikilvægt að draga fram að ýmsir búa við margþætta mismunun þegar fleiri slíkir þættir tvinnast saman, til dæmis kyn og fötlun, kynhneigð og þjóðerni, aldur og búseta.* „

Yfirlýsing / leiðarljós

Í öllu starfi leikskólans Lautar skal tekið mið af jöfnum rétti allra án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, litarháttar, uppruna, aldurs, starfsstéttar, fötlunar eða annarra þátta. Allir eiga að geta látið ljós sitt skína út frá eigin forsendum og jöfn tækifæri til að vaxa og dafna í starfi eiga að bjóðast öllum.